

Nd.

245. Nefndarálit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1931.

Frá fjárveitinganefnd.

Þegar fjárveitinganefndin hóf starf sitt, var það ætlun hennar að hraða störfum sem frekast var kostur á, og tilætlunin að vera komin með álit sitt fyrir. Nefndin ákvað þegar í byrjun að hafa fundi bæði árdegis og síðdegis. Hefir því nefndin unnið að nefndarstörfum minnst 3 stundir daglega, en oft og einatt lengur, þegar nefndarmenn hafa ekki verið bundnir öðrum störfum. Samt sem áður hefir nefndinni ekki tekizt að ljúka störfum fyrir en þetta fyrir þessa umræðu. Ber margt til þess. Fyrst það, að eins og svo oft áðnr, þá hefir að þessu sinni nefndinni borizt mikið af ýmiskonar erindum, sem hún hefir orðið að verja miklum tíma til að kynna sér. Þá hefir nefndin einnig nú eins og áður orðið að fá miklar og margvíslegar upplýsingar frá stofnunum ríkisins. Ennfremur hefir og nefndin orðið að veita mörgum mönnum viðtal, sem erindi hafa átt við hana. Allt þetta er tímafrekt, en hjá því verður þó ekki komizt. Ennfremur hefir Íslandsbankamálið stórtafid fyrir störfum nefndarinnar, eins og öðrum störfum þingsins. Af þessum sökum koma nú fjárlögin nokkru seinna frá nefndinni heldur en annars myndi hafa orðið.

Samkvæmt fjárlögunum fyrir yfirstandandi ár, þá eru tekjurnar áætlaðar 11929600 kr., en gjöld kr. 11907424,95. En áætlaðar tekjur fyrir 1931 samkv. frumvarpi því til fjárlaga, er fyrir liggur, eru 12216600 kr., en gjöld kr. 12157-064.46. Eru því tekjurnar fyrir 1931 áætlaðar 287 þús. kr. hærra en í núgildandi fjárlögum; en gjöldin eru nú áætluð kr. 249659.51 hærri í frumvarpinu en í gildandi fjárlögum.

Tekjuáætlun frv. er byggð á sömu tekjustofnum ríkissjóðs og í fyrra, svo með þessu eru tekjurnar freklegar áætlaðar í frv. heldur en í gildandi fjárlögum. Nú hefir reynslan sýnt, að gjöldin hafa ætið hækkað við meðferð fjárlaganna gegnum þingið.

Hinsvegjar er það fyrirfram vitað, að gjöldin reynast ætíð mun meiri heldur en áætlað er. Þess vegna verður þingið í hvert sinn að áætla tekjur og gjöld mjög varlega, svo ekki stefni til ófarnaðar með afkomu rikissjóðsins. Þetta er nefndinni ljóst, og fyrir því hefir hún í tillögum sínum til Alþingis um breytingar á gjaldalið frv. reynt að stilla þeim sem mest í hóf, eftir því er henni virtist frekast fært. Þrátt fyrir þetta getur nefndin eigi komiðt hjá því að leggja til að hækka nokkra liði gjaldanna og bæta nýjum við, enda gerir hún ráð fyrir, að ákvæðum fjárlaganna sé fylgt að svo miklu leyti sem nnt er.

Nefndinni hafa borizt margháttuð og margvísleg erindi um ýmislegar framkvæmdir, sem yfirleitt eru meira eða minna gagnlegar og nauðsynlegar, en sem kosta afar mikið fé, en minnst af þeim erindum hefir nefndin treyst sér til að taka upp af fjárhagsástæðum.

Skal þá vikið að breytingartillögum þeim, er nefndin flytur við frumvarpið, og leitast við að gera nokkra grein fyrir þeim.

En áður en vikið er að hinum einstöku breytingartillögum, skal þess getið viðvikjandi tekjubálkinum, að nefndin frestar til 3. umræðu að gera tillögur við hann.

Í gildandi fjárlögum er skemmtanaskattur og tekjur menningarsjóðs færðar í 5. gr. og gjaldamegin eru þær færðar í 15. gr.

Í frv. þessu er tekna þessara sjóða hvergi getið, hvorki tekna né gjaldamegin. Og þó að vísu að þessar tekjur komi rikissjóði ekki beinlínis við, og sé því um færslumáta að ræða, þá telur nefndin miklu glegggra og betur fara, að þessum færslumáta sé haldið, og fyrir því flytur hún breytingartillögur um þetta efni við 5. og 15. gr.

11. gr.

Lann bæjarfógeta og sýslumanna og lögreglustjóra hafa reynt mun hærri en áætlað hefir verið og heldur en áætlað er í frumvarpinu. Þannig urðu þau árið 1929 155 þús. kr. Nefndin leggur því til, að þessi liður sé hækkaður í 150 þús. kr. úr 132500.

Lögmaðurinn í Reykjavík hefir með bréfi, dagsettu 12. des. f. á., farið þess á leit við dómsmálaráðuneytið, að sér yrði ætlað í fjárlögum fyrir 1931 25 þús. kr., til þess að launa 2 fulltrúa og 3 fasta skrifara. Telur lögmaðurinn, að þessir menn verði að vera mjög góðir í starfi sínu og vinna mjög lengi daglega, eða frá kl. 10 árd. til kl. 6 síðd., og jafnvel lengur, og geti þeir því ekki aflað sér tekna með aukavinnu. Nefndin fellst á þessar ástæður lögmannsins og leggur til, að þessi upphæð verði veitt.

Þá óskar lögmaðurinn eftir, að til ýmsra gjalda verði veittar 5000 kr. Þegar hann skrifar bréfið (12. des.), kveður hann að búið sé að greiða á þessum lið 3800 kr. Getur hann þess, að útbúnaður allur í skrifstofu embættisins sé »beinlínis aukunarverður« og að nær öll bóklegr hjálpargögn vanti í skrifstofuna, en óhjákvæmilegt sé að afla þeirra svo fljótt sem frekast megi verða. En auk þess vanti mörg nauðsynlegustu húsgögn í skrifstofuna.

Nefndin býst við, að ekki verði unnt að komast hjá því að afla skrifstofu embættisins þessara muna, er lögmaðurinn í erindi sínu nefnir, og að kostn-

aðurinn af öflinn þeirra verði að sjálfsögdun greiddur úr ríkissjóði, og að þá sé tilgangslaust annað en að taka þessa upphæð í fjárlög, og leggnr hún því til, að 5000 kr. verði veittar í þessu skyni.

Þá drepur lögmaðurinn á í þessu bréfi sinu, að brýna nauðsyn beri til að semja upp frá stofni grunnareglistur fyrir afsals- og veðmáiabækurnar. Hinn mikli vöxtur bæjarins og lóðaskipting geri þetta óhjákvæmilegt. Verði hið nýja fyrirkomulag þannig, að semja verði spjaldskrá yfir allar eignir, í stað innbundinna bóka. En til þess að inna þetta verk af höndum, þurfi aukna starfskrafta í skrifstofuna, og óskar hann eftir, að veittar verði 3000 kr. í þessu skyni.

Nefndin fellst á þessar tillögur lögmannsins og leggur til, að veittar verði 3000 kr. til þessa.

12. gr.

Eins og getið er í athugasemdum við 12. gr. frv., er Reykjarfjarðarhérað nú læknilaust og er þjónað af nágrannalækni. Árneshreppingar eiga því erfitt með að vitja lækni, og fyrir þessa sök vill stjórnin, að þeim sé veittur 600 kr. styrkur.

Nefndin getur fallizt á það, að þessi styrkur sé þeim greiddur, en þó því aðeins, að héraðið sé læknilaust. Þess vegna vill nefndin, að þessi athugasemd, sem hún flytur, sé sett við liðinn.

Um margra ára skeið hefir styrknr verið greiddur Vilhelm Bernhöft tannlækni og Ólafi Þorsteinssyni háls-, nef- og eyrnalækni fyrir kennslu við lækna-deild háskólans í sérfræðigreinum þeirra, 1000 kr. handa hvorum þeirra. Í notum fyrir þessa launagreiðslu hefir það verið heimtað, að þeir veittu fátæku fólki ókeypis læknishjálp þrisvar í mánuði á tilteknum stað.

Nú hefir styrkur til þessara manna ekki verið tekinn í fjárlagafrumvarpið, og þá vafalaust ekki heldur verið til þess ætlazt, að þeir hefðu þessa kennslu á hendi. En þar sem nú reglugerð háskólans kveður svo á, að læknaefni fái fræðslu í þessum greinum, og ekki er á færi annara en sérmenntaðra manna að veita nemendum þessa fræðslu, þá telur nefndin, að ekki verði hjá því komizt að greiða sömu upphæð í þessu skyni og áður og leggur því til, að 1000 kr. verði veittar til hvors þeirra í þessu skyni. Aðeins vill nefndin bæta því við skilyrðin fyrir launagreiðslunni, að þeir veiti ókeypis læknishjálp 4 sinnum í mánuði og læknaeir gefi árlega skýrslu yfir þá læknishjálp, er þeir láta mönnum í té ókeypis.

Þá flytur nefndin tillögu um það, að Jóni Kristjánssyni nuddlækni verði greiddur 1200 kr. styrkur til starfa síns.

Eins og kunnugt er, hefir hann mikinn kostnað af rekstri læknistofu sinnar, og virðist því sanngjarnt, að honum sé veittur nokkur styrkur af opinberu fé, og gerir nefndin ráð fyrir, að þessum styrk verði varið til greiðslu á viðlagasjóðsláni hans. En þau skilyrði vill nefndin setja fyrir þessari styrkveitingu, að hann veiti fátæku fólki ókeypis læknishjálp í lækningastofu sinni, ekki sjaldnar en 4 sinnum í mánuði.

Í fjárlögum yfirstandandi árs eru veittar 2000 kr. til að styrkja héraðslækna til þess að afla sér nýrrar lækniþekkingar erlendis. Landlæknir telur

þessa fjárveitingn allt of lága, og fellst nefndin á að hækka liðinn npp í 3000 kr.

Af vangá hefir fallið út liður á áætlun »Gamla spítalans á Kléppi«, og leiðréttir nefndin þá vangá með því að taka upp nýjan lið, 32 þús. kr., til matvæla. Hinsvegar vill nefndin benda á, að reikningsfærslan í spítólum þessum virðist fremur óglögg og óviðfelldin, og leggur hún sérstaklega áherslu á, að reikningnum búsin sé haldið algerlega aðgreindum framvegis.

13. gr. B.

Í fjárlagafrv. nú er áætluð nokkuð hærri upphæð til lagningar nýrra þjóðvega en í gildandi fjárlögum. Í fjárlögnum er veitt til nýrra þjóðvega kr. 280 þús., en samkvæmt frumvarpiu er ætlað til, að varið verði í þessu skyni kr. 315 þús.

Mestu af þessu fé er varið til framhaldslagningar þeirra branta, er áður var byrjað á, og til smra þeirra er varið miklu meira fé en áður.

En til þriggja vega er lagt til í frv., að veitt verði 5 þús. kr. minna hverjum en er í gildandi fjárlögum. Þessir vegir eru:

Kjósarvegur	i fyrra	20000	nú	15000
Blönduhlíðarvegur	i fyrra	25000	—	20000
Biskupstungnabrant	i fyrra	20000	—	15000

Þar sem þessir vegir allir liggja í héraði, þar sem mjög torvelt er yfirferðar, en mikil þörf fyrir, að úr þeim erfðleikum verði bætt svo fljótt, sem fönng eru á, þá álitur nefndin, að það sé neyðarúrræði að lækka þessar fjárveitingar.

Nefndin myndi því hafa borið fram tillögur til hækkunar á þessum liðnum án þess að skerða fjárframlög til annara vega. En sakir þess, að nefndinni er mjög ógæðfellt að hækka gjaldaliði fjárlaganna, vegna þeirra ástæðna, sem áður er vikið að, nema sem allra minnst að unnt er, þá tekur hún þann kostinn að leggja til, að lækkuð verði fjárveitingin til Vesturlandsvegar um 5 þús. kr. og til Vatnsskarðsvegar sömuleiðis um 5 þús. kr., og fjárveitingin til Kjósarvegar, Blönduhlíðarvegar og Biskupstungnabrautar verði hækkuð um 5 þús. kr. til þeirra hvers fyrir sig. Hækkar þá að vísu fjárveitingin til þjóðveganna um 5 þús. kr. frá frumvarpinu.

Þá leggur nefndin til, að veittar verði 8000 kr. til byggingar fjóss, hlöðu og haughúss í Fornahvammi.

Vegamálastjóri hefir gert nefndinni grein fyrir því, að útihúsin í Fornahvammi séu svo hrörleg, að engin leið sé að fresta byggingu á þeim, og óskað eftir, að nefndin legði til, að veitt yrði fé í þessu skyni. Telur hann, að fjósið sé svo lélegt, að ekki sé unnt að hafa skepnur í því án þess að það sé bætt, og þeirra annara húsa, sem nefnd voru, sé hin mesta þörf.

13. gr. D.

II. Nefndin leggur til, að fjárframlagið til einkasíma í sveitum hækki úr 20 þús. kr. í 30 þús. kr.

Þó að liðurinn hækki nú um það, sem nefndin leggur til, gengur hún

Þess ekki dulin, að þetta muni reynast allt of lítið, en hér, sem svo víða annarsstaðar, treystir nefndin sér ekki að mæla með hærri fjárveitingu.

Þá leggur nefndin til, að liðurinn III (nýjar símalagningar) verði lækkadur úr 150 þús. kr. í 100 þús. kr.; en nýjum lið verði bætt inn, 75 þús. kr., er varið verði til þess að kaupa fjölsímataeki, er notuð verði milli Akureyrar og Reykjavíkur. Þau kosta 150 þús. kr., svo þessi fjárhæð nægir því ekki nema að hálfu leyti. En nefndin gerir ráð fyrir, að 75 þús. kr., síðari greiðsla, verði veitt í fjárlögum fyrir 1932.

Áhald þetta gildir á við 3 nýjar línur milli Akureyrar og Reykjavíkur. Fæst því með þessu móti margfalt samband milli þessara staða. Nú er allt of mikið sett á þessa línú, og eiga hinar smærri millistöðvar oft erfitt með að fá simasamband. Með þessu væri ráðin bót á þessu, og verður nefndin að telja það nauðsynlegt.

Landssímastjóri mælir og mjög með því, að þetta áhald verði keypt, því í tillögum sínum um þetta efni leggur hann til, að veittar verði til nýrra símalagninga 206 þús. kr., en þar af leggur hann til, að varið verði 150 þús. kr. til að kaupa fjölsímataeki, Reykjavík—Akureyri, svo tillögur hans um byggingu nýrra símalína nema aðeins 56 þús. kr.

Nefndinni leizt, að hin mestu vandkvæði mundu stafa af því, ef ekki væri hægt að verja meiru fé til byggingar nýrra símalína, meðal annars mundu starfsmenn landssímans, þeir sem að byggingum vinna og hafa gert um mörg ár, vanta verkefni það ár, og hinsvegar þörfin svo afarbrýn um framhaldandi lagningar nýrra símalína. Nefndin tók því það ráð, með fullu samþykki landssímastjóra, að skipta kostnaðinum við kaup á fjölsímataekjum á 2 ár, og leggur jafnframt til, að veitt verði til lagningar nýrra símalína 100 þús. kr.

Í tillögum landssímastjóra, sem fyrir nefndinni lágu, telur hann upp ýmsar línur, sem hann álitur einna mest aðkallandi, auk þeirra, sem ráðgert er að byggja á komandi sumri.

	Kostn.áætl.
Skógar — Skinnastaðir og Kópasker — Leirhöfn ...	kr. 13000
Bildudalur — Selárdalur	— 15000
V.ðimýri — Goðdalir	— 15000
Kalastaðakot — Þyrill	— 10000
Kvígindisdalur — Breiðavík	— 16000
Mývatnslína	— 20000
Jökulsdalssími	— 30000

Hefir nefndin fyrir sitt leyti engar athugasemdir að gera við þessar tillögur landssímastjórans og gerir ráð fyrir, að eftir þeim verði farið.

Þá leggur nefndin til, að liðurinn IV, 2. (aðalskrifstofa landssímans) hækki úr 18 þús. kr. í 20 þús. kr. Ætlast nefndin til þess, að landssímastjóri fái persónulega launabót, er nemi 2400 kr. á ári. Hafði hann farið þess á leit við stjórnarráðið að fá nokkra launabót, og var atvinnumálaráðherra því meðmæltur. Landssímastjóri hefir annamíktu embætti að sinna, en hinsvegar eru laun hans ekki há, borið saman við laun ýmsra starfsmanna hins opinbera, og þykir nefndinni öll sanngiðni mæla með því, að hann fái þessa launahækkun.

Í fjárlagafrnmv., 13. gr. D. IV. 5. (Bæjarsími Reykjavíkur) ern gjöldin talin 390000 kr. og nndir sama rómverskum lið, tölulið 16 (Afborgun og vextir af húsbýggingarláni) 48000 kr.

Pegar landssímastjóri á sínum tíma gerði tillögur um þetta efni til stjórnarráðsins, hafði hann hugsað sér að skipta vaxtagreiðslum og afborgunum af húsbýggingarláninu á milli landssímans og bæjarsíma Reykjavíkur. Þá var ekki til fulls bóíð að ganga frá samningnum um húsbýggingarlánið. Þeir samningar urðu hagkvæmari heldur en landssímastjóri hafði búízt við, svo að árleg greiðsla vaxta og afborgana af þessu láni nemur 47 þús. kr. minna heldur en landssímastjóri hafði talið í tillögum sínum til stjórnarráðsins. Nú hefir landssímastjóri óskað þess, að nefndin flytti breytingartillögur við þessa tvo liði, á þann hátt, að sú upphæð, er fólst í 5. tölulið (Bæjarsíma Rvíkur) og ætluð var til greiðslu á húsbýggingarláninu, og sem nemur 140 þús. kr., verði færð á 16. tölulið. En til bæjarsíma Reykjavíkur, 5. tölulið, verði áætlað 250 þús. kr.

En 16. töluliður sé áætlaður 141 þús. kr. og þess getið, að þessi greiðsla sé til L. M. Eriksen Stokkhólmi o. fl., afborgun og vextir af láni.

Loks flytur nefndin breytingartillögu til hækkunar á IV. 17. b. (Símrítarar), að fyrir 9500 komi 14000 kr. Er þetta gert samkvæmt eindreginni ósk landssímastjóra. Taldi hann, að laun þessara manna væru svo lág, að vonlaust væri með öllu að halda góðum mönnum við það starf, ef þeim yrði ekki launað betur. En hann kvað afararíðandi að hafa góða og gegna menn við þetta starf og að það væri ekki á færi annara að leysa það vel af hendi.

Þar sem landssímastjóri lagði svo mikla áherzlu á þetta atriði og taldi útlitið svo afaralvarlegt með starfið við ritsímann, ef kaupið yrði ekki hækkað, þá taldi nefndin ekki annað fært en verða við þessum tilmælum hans.

13. gr. E.

Vitamálastjóri hefir, með bréfi í október í haust, farið þess á leit við atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, að það legði til, að veitt yrði til bygginga nýrra vita miklu hærri upphæð heldur en stjórnin hefir séð sér fært að verða við. Vitamálastjóri kom á fund nefndarinnar og ræddi þetta mál við hana og skýrði fyrir henni, hveira vita hann teldi mesta þörf. Hafði hann lagt til, að veittar værn 180 þúsund kr. í næstu fjárlögum. Vitarnir, sem hann taldi að brýn þörf væri að byggja hið allra fyrsta, eru: Nýjan vita á Glettinganesi fyrir austan, endurbót á vitanum á Langanesi, nýjan vita á Sauðanesi í Pistilfirði, á Höfða við Raufarhöfn og í Grímsey fyrir norðan. Nefndin sá sér á engan hátt unnt að verða við öllum þessum óskum. En hún vill leggja það til, að þessi liður verði hækkaður í 80 þús. krónur.

Er hægt fyrir þá upphæð að reisa vitann á Glettinganesi og eitthvað dálítið meira, eftir því sem hermt er um kostnaðinn við byggingu vitans á Glettinganesi.

Þá leggur nefndin til, að fjárveitingin til ýmislegs hækki úr kr. 20000,00 í kr. 30000,00.

Vitamálastjóri hefir tjáð nefndinni, að vitavardarhúsið í Vestmannaeyjum sé orðið afarlélegt, svo að ekki verði hægt að komast hjá því að byggja þar nýtt hús. Áætlað hann, að það muni kosta kr. 16000,00. Telur hann, að húsið

verði að sjálfsögðu úr steini, en sakir erfðleika á byggingarefni og jafnvel vatni, þá verði byggingin nokkð dýr.

Vitamálastjóri skýrir frá því, að nokkrar vitagrindur þurfi að klæða eða steypa npp. Getur hann þess, að hann hafi í tillögum sínum í fyrra, áður en fjárlög þá voru samín, vikið að þessn. Kveður hann, að annaðhvort verði að klæða þessa vita eða steypa þá npp. Býst hann við, að þetta verk kosti allt að 20 þús. kr.

Af þessum ástæðum vill nefndin leggja það til, að fjárveitingin á þessum lið verði hækkuð, eins og áður er getið, og ætlast nefndin til þess, að nmbætur og lagfæringar á þessum hlutum fari fram þar, sem þeirra er mest þörf. En hún treystir sér ekki til að leggja það til, að frekari fjárframlög verði látin í té í þessu skyni að þessu sinni.

Til bryggjurgerða og lendingarbóta leggur nefndin til, að veittar verði kr. 91000,00.

Í fjárlagafrumvarpinu er þessi upphæð kr. 20000,00. Vitamálastjóri leggur til, í bréfi sínu til stjórnarráðsins í hanst, að kr. 30000,00 séu veittar í þessu skyni, en getur þó þess, að ekki verði vitað fyrr en á Alþingi, hvaða fjárveitingu þurfi að ætla til þessara mannvirkja, þar sem ekki fyrr en á þingi munu koma fram allar óskir um framkvæmdir í þessa átt.

Það hefir og reynzt svo í þetta sinn, að óskirnar hafa ekki komið nærri allar fram fyrr en á Alþingi, og hafa þær nú verið með langmesta móti. Skal nú stuttlega geta þeirra málaleitana, er nefndinni hafa borizt um styrk til bryggjurgerða og lendingarbóta.

Er það sem hér segir:

	Kostnaðaráætlun:	Beðið um styrk:
Keflavík	250000 kr.	83333,00 (¹ / ₃).
Húsavík	204000 —	102000,00 (¹ / ₂).
Hnífsdalur	82000 —	41000,00 (¹ / ₂).
Hvammstangi	100000 —	60000,00 (³ / ₅).
Vopnafjörður	49000 — ca.	20000,00 (ca. ² / ₅).
Haganesvík	15000 —	5000,00 (¹ / ₃).
Lambhússnd, Akranesi		8500,00
Samtals 700000 kr.		319833,00

Þannig er áætlað, að það kosti nærri ³/₄ milljón að gera þessar bryggjur og lendingarbætur, og sá hluti verksins, sem óskað er eftir af þessum hlutaðeigandi hérndum að ríkið greiði, kostar samtals 319800 kr. (Auk þess fara sum hérndin fram á ábyrgð ríkissjóðs fyrir allmiklu af þeim fjármunum, er þeim ber að leggja af mörkum).

Skal nú vikið með örfáum orðum að bryggjurgerðinni á hverjum stað.

Á Húsavík er nú allmikil sjávarútgerð og hefir aukizt að mun hin síðari ár. Eru þar nú gerðir út 8 vélbátar 6—12 smálesta að stærð, 4 vélbátar innan við 5 smál., 10—11 strillnbátar og 10—15 róðrabátar. Á Húsavík er selt megnið af þeim vörnum, er flytjast til Suðnr-Þingeyjarsýslu. Upp- og útskipun er

afarerfið á þessum stað. Nú er það áform Húsvíkinga, að bryggjan verði byggð út á 12 teta dýpi og óska $\frac{1}{2}$ framlags til þess, sem nema mnnði 125 þús. kr. Hefir vitamálastjóri gert nýja áætlun um, að nái bryggjan fram á 3,3 metra dýpi, þá kosti hún um 204 þús. kr., og byggir nefndin tillögnr sínar á þeirri gerð bryggjunnar.

Húsvíkingum er mikið áhugamál, að þetta mannvirki verði sem allra fyrst unnið og telja þess hina mestn þörf. Það var í ráði hjá þeim að gera þarna sjóvarnargarð og góða höfn, en sakir þess hvað það mannvirki er afarkostnaðarsamt og að þá skortir fé til að ráðast í svo mikið, þá vilja þeir að þessu sinni snúa sér aðeins að bryggjubyggingunni og telja, að allmikið sé við það unnið fyrir héraðið að fá hana.

Keflvíkingum er mikið áhugamál að fá bryggju gerða hjá sér. Er þar engin bryggja, er skip geti lagzt við, og hafnleysa er á þessum stað. Upp- og útskipun er svo torveld á þessum stað, að skip koma þar því nær aldrei, svo flytja verður allar aðkeyptar vörur á bilum eða mótorbátum frá Reykjavík eða Hafnarfirði, og innlendar framleiðsluvörur (fisk) verður að flytja á sama hátt frá Keflavík og Suðurnesjum. Þótt þetta sé afarþyrt, eins og síðar mun sýnt verða, þá hefir það þó reynzt ódýrara heldur en að fá skip til Keflavíkur og skipa úr þeim þar, sérstaklega þegar veður hefir verið óhagstætt. Fyrir þessar sakir eru menn hættir við að fá skipin til Keflavíkur og vilja heldur vinna til að fá vörurnar fluttar með bilum eða mótorbátum. Flutningarnir með þessum tækjum eru auðvitað dýrir, ódýrast 10 kr. á tonnið og upp í 30 kr. Falla á þennan hátt afarhá gjöld á vörurnar, t. d. stundum tvöföld hafnargjöld til Reykjavíkurbafnar o. s. frv.

Sjávarútvegur er allmikill í Keflavík. Á síðastliðnu ári er talið, að fiskframleiðslan hafi verið 11800 skpd.

Eftir þeim upplýsingum, sem liggja fyrir, þá mun mega áætla meðalaflið um 10 þús. skpd. Salt er talið, að kaupúnið þurfi um 2000 tonn, og kolaþörf hreppsins um 1000 tonn. Vélbátar eru um 24 og oluþörf þeirra er talin 1500 tn.

Af úflutningsvörum, ank fiskjarins, eru um 1200 tn. af lýsi og 1000 tn. hrogn. Beinamjólsværksmiðja starfar í kaupúninum. Af þnrkuðum beinum voru flutt út 280 tonn síðastliðið ár. Fyrir flutninginn t. d. á saltinn einn telja þeir sig hafa greitt um 20 þús. kr. Er af þessu andsett, að þetta kaupún á við mikla erfðleika að stríða hvað flutningana snertir. Enda telja Keflvíkingar, að sjávarútgerð þeirra sé í stórhættu fyrir þessar sakir, ef erfitt gerist í ári. Ákveðið er að byggja þessa bryggju á svonefndu Vatnsnesi.

Hefir vitamálastjórinn gert kostnaðaráætlun, og ætlar hann, að verkið muni kosta 250 þús. kr.

Óska þeir eftir, að ríkið styrki byggingu bryggjunnar að $\frac{1}{2}$ hluta, eða um 80 þús. kr., en hreppsfélagið yrði þá að standa straum af 170 þús. kr., og óskar 2. þm. kjördæmisins eftir ábyrgð ríkissjóðs fyrir lántökn (170 þús. kr.) til fyrirtækisins. En Keflvíkingar telja engin vandkvæði á því, að þeim yrði unnt að standa strann af slíku láni, ef það t. d. fengist til 30 ára. Telja þeir sér samt sem áður vísan hagnað af þessu fyrirtæki, boið saman við þau kjör á flutningum sínum, er þeir verða að sæta nú. Drepa þeir og á það, að nágrennahreppar þeirra hefðu mikið hagræði af því, að þessi bryggja yrði byggð, sakir

Þess hvað flutningskostnaður þeirra yrði miklu minni, ef þeir gætu tekið nán-
synjar sínar í Keflavík, og þá jafnframt flutt þangað framleiðsluvörur sínar. En
af þessum viðskiptum fengju þeir þó nokkrar tekjur. Að lokum geta þeir þess,
að þó þessi bryggja verði gerð, þá sé að vísu ekki öruggt um, að skip geti at-
hafnað sig við bryggjuna, þvernig sem viðri, en það myndi mjög sjaldan koma fyrir.

Þá hefir þm. Vestnr-Húnvetninga óskað þess, að nefndin veitti fé til báta-
bryggju á Hvammstanga, sem í ráði er að byggja þar. Vitamálastjóri hefir gert
kostnaðaráætlun yfir þessa bryggjugerð og telur, að hún mnni kosta um 100
þús. kr. Gert er ráð fyrir að byggja skjólgarð 108 metra langan, sem nota megi
sem bryggju að innanverðu. Bryggjudekkið er ráðgert að verði úr steinsteypu og
meðfram ytri hlið þess 1 m. hár steptur skjólveggur. Breidd bryggjunnar á að
vera 7 metrar og nær út á 3,4 m. dýpi.

Á Hvammstanga er nú ein bryggja, sem er að verða ónýtt, og er talið
óhjákvæmilegt að byggja aðra bryggju á komandi sumri. Er talið, að sakir þess
hvað erfið aðstaða er þarna til út- og uppskipunar, þá hafi sjávarútvegurinn
á þessum stað ekki getað tekið eðlilegum framförnm. Fer þm. V.-Húnv. fram
á, að veittur verði í fjárlögum fyrir 1931 styrkur úr ríkissjóði, $\frac{2}{3}$ hlntar kostnað-
ar við byggingu bryggjunnar, 60 þús. kr.

Hreppsnefnd Eyrarhrepps í Norður-Ísafjarðarsýslu fór fram á það við
Alþingi í fyrra, að það tæki upp í fjárlög fyrir árið 1930 fjárveitingn til bryggju-
gerðar í Hnífsdal, að upphæð 41000 kr. Finnbogi R. Þorvaldsson verkfræðingur
hafði gert rannsókn á lendingar- og hafnarbótum í Hnífsdal, og að þeim loknum
gert kostnaðaráætlun yfir, hvað viðunanleg bryggja mundi kosta. Hefir hann
áætlað, að hún mnni kosta 82000 kr., en af þeirri upphæð óska þeir eftir, að
ríkissjóður greiði 41000 kr. styrk og ábyrgist 31000 kr. lán, er hreppsnefndin
telur sig þurfa að taka til þess að koma verkinu í framkvæmd. Nú hefir fjár-
veitinganefnd verið sent nýtt erindi nm þetta mál, og er í því farið hins sama á
leit og í fyrra, bæði nm styrkveitingn og ábyrgð, að því er bezt verður séð.

Eins og kunnugt er, stunda Hnífsdælingar sjávarútveg. Ganga þaðan 8—
10 mótorbátar 9—10 tonn á stærð, og ank þeirra ganga margir árabátar og
minni mótorbátar. Uppskipun á afla á land úr hinum stærri bátum fer fram á
smánppskipunarbátum, sem dregnir eru á land með handfli. Þykja þessi störf
hið mesta erfiði. Talið er, að sjómenn verði oft að vinna að þessari uppskipun
í 5—6 tíma, ef vel aflast. Komi sjómenn að landi þegar lágsjávað er, ber það
oft við, að þeir verða að fresta uppskipun þar til herra er orðið í sjó. Hinir
mestu erfiðleikar eru einnig á upp- og framskipun afurða og aðkeyþtra vara.
Þarf engnm getum að því að leiða, að Hnífsdælingum er hin mesta nauðsyn á
að fá þessa bryggju byggða.

Hreppsnefnd Vopnafjarðar hefir falið þm. Norður-Múlasýslu að fara þess
á leit við Alþingi, að það veitti styrk í fjárlögum fyrir 1931 til bátabryggju á
Vopnafirði.

Kostnaðaráætlun hinnar fyrirhnguðu bryggju hafði vitamálastjóri látið
gera 1922, og var áætlað, að hún mundi kosta 49000 kr.

Leitað hefir verið enn álits vitamálastjóra, og telur hann, að ekki gerist
þörf á að breyta þessari áætlun.

Þm. bóradisins telja bryggjuna mjög nauðsynlega vegna sjávarútgerðarinnar í kaoptúninu og vegna upp- og útskipunnar vara. Óska þeir eftir, að Alþingi veiti í fjárlögum fyrir 1931 styrk til þessarar bryggjengerðar, er nemi $\frac{2}{5}$ af kostnaði bryggjunnar. Fiskifélagið hefir heitið 2000 kr. styrk til þessarar bryggjengerðar, sem er hin hæsta fjárveiting, sem það veitir í þessu skyni.

Til umbóta á bátalegunni á Lambhússundi á Akranesi er veitt í gildandi fjárlögum 8500 (fyrri greiðsla). Þessi upphæð, er nefndin leggur nú til að veitt verði til þessa verks, er síðari greiðsla.

Loks hafa þm. Skagfirðinga farið fram á, að styrkur yrði veittur úr ríkissjóði til byggingar bátabryggju í Haganesvík, 5 þús. kr., sem tekinu yrði í fjárlög fyrir 1931. Vitamálastjóri hefir gert kostnaðaráætlun yfir bygging bryggjunnar, og áætlar hann, að 200 metra löng bryggja muni kosta 30 þús. kr. En hreppurinn sér sér ekki fært að leggja í svo mikinn kostnað, aðeins 10 þús. kr. að sinnum hluta, og verður því lengd bryggjunnar að miðast við þessa fjárhæð, 10 þús. kr. frá hreppnum og 5 þús. kr. úr ríkissjóði.

Alþingi hafði heimilað fyrir nokkrum árum 5 þús. kr. fjárveitingu til þessarar bryggju, sem ekki var notuð. Telja þm., að nauðsyn þessarar bryggju sé mjög brýn, vegna aukinnar sjávarútgerðar á staðnum og vegna uppskipunar og útskipunar á vörnum.

Pegar nú nefndin hafði kynnt sér þessi erindi um bryggjengerðir og lendingarbætur, duldist henni ekki, að á öllum stöðunum, sem hér um ræðir, er þessara mannvirkja hin brýnasta þörf. Henni lízt þörfin fyrir þessi mannvirki svo augljós og aðkallandi á öllum stöðunum, að hún treystir sér ekki til þess að mæla með framkvæmd þessa verks á einum staðnum, en mæla á móti því á öðrum. Og nefndinni leizt, að brýn nauðsyn bæri til þess að fara að reyna að búa betur í haginn fyrir þessi héruð hvað þetta mál snertir. Hinsvegar treysti nefndin sér á engan hátt til að leggja það til við Alþingi, að það veiti nú á einu ári úr ríkissjóði yfir $\frac{1}{4}$ milljónar kr. til bryggjengerða og lendingarbóta. Nefndin hefir því tekið þann kostinn að leggja það til, að þessum greiðslum til hinna meiri háttar bryggjengerða verði jafnað niður á þrjú næstu árin með jöfnum greiðslum og að allar þessar bryggjur verði styrktar að $\frac{1}{3}$ eftir áætlunum þeim, er fyrir liggja yfir þessi mannvirki og drepið hefir verið á hér að framan, og verða þá þessar greiðslur eins og hér segir:

Til bryggjengerðar í Keflavík, 1. greiðsla af 3 ...	kr. 27 500
Til bryggjengerðar á Húsavík, 1. greiðsla af 3 ...	— 22 000
Til bryggjung. á Hvammstanga, 1. greiðsla af 3 ...	— 11 000
Til bryggjengerðar í Hnífsdal, 1. greiðsla af 3 ...	— 9 000
Til bryggjengerðar í Vopnafirði, 1. greiðsla af 2 ...	— 8 000
Til bryggjengerðar í Haganesvík (ein greiðsla) ...	— 5 000
Til lendingarbóta í Lambhússundi á Akranesi (lokagreiðsla)	— 8 500
Samtals	kr. 91 000

Viðvíkjandi framkvæmdum þessum vill nefndin geta þess, að hún ætlast til, að trúnaðarmaður landsstjórnarinnar um hafnar- og bryggjengerðir hafi náðið

eftirlit með framkvæmdunum, og að landsstjórnin greiði ekki ríkissjóðsstyrkinn, fyrr en vissa er fyrir því fengin, að blutadeigandi héruð hafi þá peninga til, er þeim ber að leggja fram til fyrirtækjanna.

Hinsvegar leggnr nefndin eindregið á móti því, að ríkið taki á sig nokkrar ábyrgðir fyrir þeim hlnta kostnaðar við mannvirki þessi, sem héruðun-
nm ber að leggja fram.

14. gr.

Fjárveitingin til húsabóta á prestssetrum er hin sama i frumvarpinu og verið hefir i nndanföörnm fjárlögum. Bisknp gerði nefndinni að vanda skýra grein fyrir því, hverra húsabóta væri mest þörf á prestssetrum landsins næstu ár. Nefndi hann tvö prestssetur, sem ekki yrði komizt hjá að húsa árið 1931. Voru það Mosfell í Mosfellssveit og Skinnastaðnr. Auk þess kvað hann þurfa viðbót-
arstyrk til tveggja prestssetra, sem sé á Stað i Steingrímsfirði, til þess að fullgera húsið þar, ca. 2500 kr., og Ofanleiti i Vestmannaeyjum, þar sem að visu er full-
byggt upp, en prestnurrinn sjálfur hefir lagt til byggingarinnar nál. 3000 kr. Lagði hann til, að veittar yrðu 30000 kr. til þessa fyrir árið 1931. Nefndin lét þó sitja við þá upphæð, sem i frumvarpinn er, kr. 20000, meðfram vegna þess, að ekki er enn að fullu ráðstafað því fé, sem ætlað er til þessara framkvæmda á yfir-
standandi ári.

Þá koma breytingartill. nefndarinnar.

A. a. 1. (*Laun biskaps*). Þetta er aðeins leiðrétting; launin rangt talin i frumvarpinn.

A. b. 6. (*Til byggingar Hallgrímskirkju*). Fjárveitinganefnd barst erindi frá nefnd þeirri, sem gengst fyrir því, að reist verði minningarkirkja Hallgríms Péturssonar á Sanrbæ á Hvalfjarðarströnd. Gerir hún ráð fyrir, að kirkjan verði reist árið 1931, og er kostnaðurinn áætlaður allt að 45000 kr. Af því er nú þegar til i peningum ca. 18000 kr., og hefir Sanrbæjarsöfnuður ank þess lofað 5000 kr. framlagi. Fór nefndin fram á 10000 kr. styrk frá Alþingi. Fjv. féllst á að leggja til, að veittar yrðu til þessa alls 9000 kr., er skiptist á 3 næstu ár.

B. I. c. (*Kennsla i söng. Nýr liður, 1000 kr.*). Liður þessi hefir staðið i nndanföörnm fjárlögum, en hefir verið felldur niður af frv. Hefir fénu verið varið til að kenna prestsefnum söng og tón og þótt þera mjög góðan árangur. Æsktu nemendur gnðfræðideildarinnar þess mjög eindregið, að fjárveiting þessi væri tekin npp i frumvarpið, og varð nefndin ásátt nm það.

B. I. h. (*Til N. Dangals, til forstöðu rannsóknarstofu háskólans*). Eins og kunnugt er, er N. Dangal dócent við háskólann, en hefir ank þess forstöðu rann-
sóknarstofu háskólans. »Rannsóknarstörf þessi i þágu sóttvarna eru mikil, marg-
visleg og mjög áriðandi«, segir landlæknir i bréfi til nefndarinnar. Verk þessi hafa verið borgnð eftir umsömdum taxta og borgunin runnið til forstöðumanns-
ins. Meginhlntinn hefir verið greiddur úr ríkissjóði. Nú hefir heilbrigðismálaráðu-
neytið viljað breytingu á þessu launafyrirkomulagi, en hinsvegar ekki enn komnir samningar á milli þess og forstöðumannsins. Sendi hann beiðni nm, að honum værn veittar 500 kr. á mánuði fyrir forstöðu rannsóknarstofunnar. Með beiðni hans fylgja eindregin meðmæli frá háskólaráðinu og læknadeild háskólans. í sömu

átt hníga tillögur landlæknis, og er þeim fylgt hér að mestu, en lækknð sú fjárhæð, sem farið var fram á og landlæknir mælti með, úr 6000 í 5000, og þar við tengt það skilyrði, að forstöðumaðurinn verji öllum starfstíma sínum umfram háskólakennsluna í þessum stofunnar og tekjur hennar allar renni í ríkissjóð.

B. I. h. (Til stúdentagárðsins, 25000). Formaður stúdentaráðsins kom á fund nefndarinnar og skýrði henni frá því, að nú væri í ráði að reisa hinn væntanlega stúdentagárð á snmri komanda, og væri þeim því nauðsyn á að fá þegar fé það, sem þeim hefir verið heitið úr ríkissjóði. En það eru 100 þús. kr., sem þeim hefir áður verið veitt í fjárl., þannig að í fjárl. fyrir 1927 vorn 50 þús., í fjárl. fyrir 1928 25 þús. og í fjárl. 1929 25 þús.

Enga af þessum fjárveitingum hafa þeir notað sér enn, og skýrði form. stúdentaráðsins nefndinni frá, að það hefði verið samkomnlag á milli hans og fyrirv. fjármálaráðherra, Magnúsar heitins Kristjánssonar, að fé þetta yrði látið standa inni hjá ríkissjóði þar til byrjað yrði á byggingunni. Nú ern að minnsta kosti tvær hinar fyrri fjárveitingar úr gildi fallnar, og fór því formaður stúdentaráðs fram á að fá endurveiting á þeim, eða 75 þús. alls, og hefir núverandi fjármálaráðherra veitt þeim ádrátt um útborgnn á fjárveitingunni fyrir árið 1929. Nefndin gat ekki orðið við þeirri beiðni, að endurveita þetta allt á sama árinu, en féllst á þessa upphæð (25 þús.).

B. II. b. (Námsstyrkir samkv. till. menntamálaráðs). Liður þessi var fyrst tekinn upp á síðasta þingi, sem kunnugt er, í þeim tilgangi að safna saman í eitt þeim námsstyrkjum, sem áður höfðu verið veittir á einstök nöfn, og menntamálaráði fengin í hendur úthlutun þeirra. Ætlast stjórnin sýnilega til, að þeirri reglu verði haldið áfram, og er fjvn. henni sammála nm það. Aftur á móti féllst hún á það, eftir bendingu menntamálaráðs, að ekki myndi unnt að færa styrkin niður úr því, sem hann var ákveðinn á síðasta þingi, og færir hann því aftur í sama horf.

B. VI. b. 3. (Stýrimannaskólinn, til áhaldakaupa). Nefndinni barst erindi frá forstöðnmanni Stýrimannaskólans með beiðni um 20 þús. kr. styrk handa skólanum til kennsluáhaldakaupa. Gerði hann nefndinni sömleiðis grein fyrir því mnnnlega, að skólinn væri nú mjög orðinn á eftir tímannm nm öll kennslutæki, og féllst nefndin á, að við svo búid mætti ekki standa nm svo merka og þarfa stofnun sem stýrimannaskólinn hefir verið og er. Þó sá hún sér ekki fært að leggja til, að veitt yrði til þessa stærri upphæð en þetta (10000 kr.), enda álitur hún, að með henni megi bæta úr hinum brýnustn þörfum.

B. IX. e. (Iðnfræðsla, fyrir 4000 kemnr 5000). Þennan lið hefir nefndin hækkað um 1000 kr., sem hún ætlast til, að gangi til Jóns Signrðssonar stúdents, til að kynna sér til hlftar allar nýjustu aðferðir við byggingar úr járnbentri steinsteypn. Hefir enginn Íslendingur til þessa lagt stund á þá fræðigrein, en þess telur nefndin mikla þörf, jafnmikið og nú er byggt hér úr því efni og verður án efa í framtíðinni.

B. XII. 1. b. og 2. a. (Kvennaskólar. Fyfir 18 þús. komi 21 þús. og fyfir 12 þús. komi 14 þús.). Nefndin leggur til, að styrkirnir til kvennaskólans í Reykjavík og kvennaskólans á Blönduósi verði færðir í sama horf og í núgildandi fjárlögnum.

B. XIV. (*Til gagnfræðaskóla Reykjavíkur, 3000*). Skóli þessi nýtur 2000 kr. styrks í nágildandi fjárlögum, og barst fjv. beiðni frá skólanefnd um að styrkur þessi yrði tvöfaldaður fyrir árið 1931. Leggur nefndin til, að skólanum verði veittur þessi styrkur (3000 kr.).

B. XV. 1. (*Til húsmæðrakennslu á Hallormsstað, 5000 kr.*). Á síðastliðnu sumri var hafin bygging húsmæðraskóla á Hallormsstað, með helmingsframlagi kostnaðar frá rikissjóði. Verður byggingu þessari væntanlega lokið á sumri komanda, og hefst þá kennsla í skólanum á næsta hausti, og hefir forstöðukona þegar verið ráðin. Nú lá fyrir nefndinni beiðni frá forstöðunefnd byggingarinnar um styrk til rafveitu í sambandi við skólann, $\frac{3}{4}$ kostnaðar af áætluðu verði stöðvarinnar, sem gert er ráð fyrir að kosti 70 þús. kr., og sömuleiðis um rekstrarstyrk fyrir skólann á næsta ári, 6000 kr. Nefndin sá sér ekki fært að verða við beiðni forstöðumanna um rafveitustyrkinn, en tók hinsvegar upp í tillögur sínar rekstrarstyrk til skólans (5000 kr.).

B. XV. 3. (*Kvenfélagið Ósk. Fyrir 5000 komi 6000*). Kvenfélagið Ósk á Ísafirði heldur þar uppi húsmæðraskóla, sem Alþingi er kunnugt um, og er þessi skóli mikið sóttur viðsvegar að. Í fjárl.frv. er áætlaður 5000 kr. rekstrarstyrkur til þessa skóla. Nú á félagið sjálft ekkert skólahús og verður að leigja dýrt hús til rekstrar hans. Hefir það því hafizt handa um fjársöfnun til húbyggingar og sækir til Alþingis um 20 þús. kr. styrk til hennar. Nefndin sá sér ekki fært að mæla með því, en áleit rétt að hækka rekstrarstyrkinn um 1 þús. kr. vegna þessa sérstaka kostnaðar.

B. XV. 4. (*Sigrún Blöndal. Liðurinn fellur niður*). Frú Sigrún Blöndal er ráðin forstöðukona við hinn væntanlega húsmæðraskóla á Hallormsstað, og fellur þá að sjálfsögðni niðnr húsmæðrafræðsla sú, sem hún hefir veitt forstöðu í Mjóanesi, og styrkur sá, sem til hennar er ætlaður í frumvarpinu.

B. 20. *Til Íþróttasambands Íslands, 6000 kr.* Þessi styrkur til Íþróttasambandsins hefir staðið í fjárlögunum undanfarið, en féll niður af vangá og er tekinn upp í tillögurnar eftir bendingu frá rikisstjórninni.

15. gr.

3. e. *Nýr liður. Hóladómkirkja, 1000 kr.* Þessi fjárveiting hefir einnig staðið í undanförunum fjárlögum, og hefir fénu verið varið til að endurbæta hina fornu, merkilegu dómkirkju, og er nú langt komið að færa hana aftur í sitt fyrra horf. Þó vantar nokkuð á það enn, og er nú m. a. verið að safna eftirlíkingum af hinum gömlu myndum, sem teknar voru úr kirkjunni og flestar eru geymdar í forngripasafninu. Leggur nefndin því til, að fjárveiting þessi standi þar til því er lokið, sem kunnugir telja að verða muni innan skamms.

15. a. b. c. d. *Ritstyrkir til Sigurðar Skúlasonar, Benedikts Björnssonar, Margeirs Jónssonar og Odds Oddssonar.* Sigurður Skúlason hefir lokið meistaraþrófi við Háskóla Íslands, með menningarsögu sem aðalnámsgrein. Hefir hann nú tekið sér fyrir hendur rannsókn á ýmsum þáttum islenzkrar menningarsögu og leitað heimilda þar að lútandi í fjölda safna utanlands og innan. Sótti hann um 2000 kr. styrk til þessa, er nefndin ekki gat að fullu orðið við, en áleit rétt að veita

honnur þennan styrk (800 kr.) sem uppörvun í starfi því, sem hann nú er að hefja.

Benedikt Björnsson, skólastjóri á Húsavík, er fyrir löngu landskunnur maður fyrir ritstörf sín. Hann er nú tekinn að eldast, en á ólokið við ýms ritverk, sem hann hefir nndirbúið og þráir mjög að ganga frá að fullu. En hann er félaus maður og getur ekki gefið sér tíma til ólaunaðra starfa, án nokkurs opinbers styrks. *Margeir Jónsson* og *Oddur Oddsson* eru einnig alþjóð manna kunnir fyrir ritgerðir í blöðum og tímaritum um ýms alþýðleg efni. Hníga ritstörf þeirra einkum að því að varðveita frá gleymsku ýmsan merkilegan alþýðufróðleik, sem ella myndi fara í gröfina með þeim og þeirri kynslóð, er þeir tilheyra. En ástæður þeirra að öðru leyti leyfa þeim ekki að gefa sig við þessum hugðarmálum sínum án þess að alþjóð manna rétti þeim hjálparhönd.

29. *Sighvatur Borgfirðingur*. Dáinn.

33. a. b. *Til menningarsjóðs og þjóðleikhúss*. Þessir liðir eru settir hér til jafnaðar á móti tekjuliðunum: Til menningarsjóðs og af skemmtanaskatti, og gerð grein fyrir þeim í sambandi við breytingar á 5. gr.

16. gr.

Nefndin fékk í hendur fjárhagsáætlun Búnaðarfélagsins fyrir árið 1931, og voru gjöldin samkvæmt henni 293 þús. Upp í það voru eigin tekjur félagsins áætlaðar 21 þús. Vantaði þá til 272 þús., sem félagið óskaði eftir að fá sem styrk frá Alþingi. Mikill hluti hinna auknu útgjalda félagsins stafar af hinum sívaxandi félagsskáp bænda um bújarrækt, sem styrktur er af félaginu eftir ákveðnum reglum, og vex kostnaður þess þeirra vegna af sjálfu sér, eftir því sem félögunum fjölgar. Áleit nefndin, að ekki yrði komið hjá því að anka styrkinn nokkuð, og leggur því til þessa hækkun (10 þús.).

3. *Sandgræðsla*. *Fgrir 30 þús. komi 40 þús.* Í nágildandi fjárlögum eru ætlaðar 50 þús. kr. til sandgræðslu, þar af er sérstaklega ráðstafað 10 þús. kr. Hinn venjulegi styrkur er því 10 þús. krónum lægri í fjárlagafrv. En þegar athugaður er hinn mikli og góði árangur, sem orðið hefir af sandgræðslustarfinu undanfarin ár, og sömuleiðis hin ótæmandi verkefni á þessu sviði, virðist óhugsandi að draga úr þeirri starfsemi, nema nauðsyn krefji.

8. *Raforkuveitur til almenningsþarfa* (*fgrir 10 þús. komi 15 þús.*). Styrkur þessi er eftir tillögum nefndarinnar hinn sami og í nágildandi fjárlögum.

10. b. *Skógræðslan* (*fgrir 10 þús. komi 16 þús.*). Sökum síaúkinna umsókna um skógarfirðingar samkv. lögum um skógrækt frá Alþingi 1928 og vaxandi skógræktaráhuga í landinu, virtist nefndinni, að ekki yrði komið hjá því að hækka skógræktarstyrkinn frá því, sem er í frumvarpinu, og nægir þó þessi upphæð hvergi nærri til þeirra framkvæmda, sem fyrir liggja.

23. *Nýr liður*. *Til Hákonar Á. Bjarnasonar, til skógræktar- og sandgræðslunáms, 1200 kr.* Styrkur þessi, sem veittur er samkvæmt beiðni aðstandenda H. Á. B., hefir staðið í fjárlögum nokkurra undanfarinna ára, enda mun nám hans nú langt komið. Virtist nefndinni ekki rétt að svipta hann námsstyrk þessum, sem hann mun hafa byggt á, enda er námið langt og dýrt og maðurinn sagður hinn efnilegasti.

23. *Nýr liður. Til mjólkurniðursaðuverksmiðjunnar Mjallar, 6000 kr.* Þetta er sama fjárveiting og í nágildandi fjárlögum, og hafði hún ekki verið tekin upp í frumvarpið.

25. *Nýr liður. Til Guðm. Einarssonar myndhöggvara, til þess að selja upp leirbrennsluverksmiðja, 5000 kr.* Á síðari árum hefir íslenzkri leirbrennslu verið nokkur gaumur gefinn af ýmsum mönnum, og jafnvel hafinn undirbúningur að rannsóknum á íslenzkum leir, í því skyni m. a. af Búnaðarfélagi Íslands. En sýnishorn þau, sem send hafa verið utan til rannsókna, hafa ekki úr því skorið, hversu nothæfur íslenzkur leir sé til þeirra hluta. Nú hefir Guðmundur Einarsson frá Miðdal fengið úr þessu skorið fyrir ítarlegar rannsóknir, sem hann hefir gert á innlendum leirnámmum, og allvíðtækum tilraunum, sem hann hefir látið gera með íslenzkan leir í Þýzkalandi. Niðurstaða þeirra tilrauna og rannsókna er sú, að sumar leirtegundir íslenzkar standl ekki að baki beztu leirtegundum erlendum til ýmiskonar iðnaðar, og að til séu hér óþrjótandi námur af nothæfum leir til brennslu. Nú hefir hann brotízt í því að afla sér fullkominna tækja til leirbrennslu, en vantar 5000 kr. til þess að kljúfa þann kostnað, og sækir hann nú um þá hjálp til Alþingis. Nefndinni er það ljóst, hve stórkostlega þýðingu það getur haft á mörgum sviðum, ef hægt er að koma hér á fullkominni innlendra leirbrennslu, og er því einróma fylgjandi að styrkja, með áður nefndu fjárframlagi, þennan óvenjulega fjölhæfa og atorkusama listamann, sem þegar hefir lagt mikið fé og fyrirhöfn til undirbúnings þessarar merkilegu nýjungar.

17. gr.

13. a. b. c. d. e. f. *Til styrktar- og sjákrasjóða.* Allir þessir liðir eru í nágildandi fjárlögnum með svipuðum upphæðum, en hafa verið felldir niður í frumvarpinu. Það varð ofan á í nefndinni að taka þá upp aftur, þar eð ekki er í annað hús að venda en til Alþingis fyrir þesskonar starfsemi.

18. gr.

II. b. 25. *Nýr liður. Til Hrefnu Einarasdóttur læknisekkju.* Hrefna er ekkja Kristmunds heitins Guðjónssonar læknis. Hún er bæði eignalaus og heilsulaus og á eitt barn í ómegð.

II. c. 9. a. og b. *Nýir liðir. Til Þórðar Ólafssonar og Páls Stephensens.* Upphæðir þessar eru viðbætur við lögmælt eftirlaun þessara presta, svo að eftirlaun þeirra hvors um sig ná þúsund krónum alls.

II. c. 10. *Jens V. Hjaltalin.* Dáinn.

II. d. 12. *Kristín Sveinbjarnardóttir.* Dáin.

II. d. 31. *Til Kamillu Briem.* Þetta er ekkja séra Steindórs Briems í Hruna, háöldruð kona hans, er hefir engan viðbótarstyrk fengið fyrr.

II. e. 14. *Nýr liður. Til Ástu Magnúsdóttur.* Ásta Magnúsdóttir er ekkja Tómasar Jóhannssonar kennara á Hólum, er dó síðastliðið sumar. Er hún, bláfátæk og á tvö börn í ómegð.

II. f. 3. *Hallgrímur Kráksson.* Dáinn.

II. i. 17. *Nýr liður. Til Oddnýjar Guðmundsdóttur júbilljósmóður.* Oddný

Guðmundsdóttir er ein hin elzta ljósmóðir, sem nú er á lífi hér á landi. Hún er nærfellt 80 ára og hefir gegnt ljósmóðurstörfum í 52 ár.

II. i. 23. a. og b. Til Margrétar Jónsdóttar og Guðrúnar Jónasdóttar, ljósmæðra. Báðar þessar ljósmæður eru nú hættar störfum sakir aldurs og þreytu og hafa sótt um eftirlaun til Alþingis. Þær eru báðar komnar á áttæðisaldur og hafa gegnt ljósmóðurstörfum milli 20 og 30 ár. Nefndin áleit rétt að verða við beiðni þeirra, að taka þær í eftirlaunagreinina.

II. i. 52. Nýr liður. Til Susie Briem. Eins og kunnngt er, dó Halldór Briem bókavörður síðastliðið ár, og sótti ekkja hans um 1200 króna eftirlaun. Við þeirri beiðni gat nefndin ekki orðið, en leggur til, að henni verði veitt þessi upphæð (300 kr.).

23. gr.

a. Björn Sigurðsson. Er dáinn, svo að eftirlaun hans falla niður.

b. Ný málsgrein. Ekkja Þórólfs Becks skipstjóra. Þórólfur sál. skipstjóri var um 12 ár samfellt stýrimaður í þjónustu ríkisins, en þar af stuttan tíma hjá Eimskipafél. Íslands. Var hann hvarvetna vinsæll og vel látinn. Nú hafa allir starfsmenn Eimskipafélagsins eftirlannarétt hjá félaginu fyrir sig og ekkjur sínar, en þennan rétt missti Þ. B. þegar hann fór úr þjónustu Eimskipafélagsins. Þórólfur heitinn lét eftir sig ekkju og fjögur börn í ómegð. Búa þau austur við Reyðarfjörð og við óhægan efnahag, að kunnngra manna sögn. Fjárveitinganefnd barst erindi um það, að taka ekkju þessa upp í 18. gr. fjárlagafrv. með 500 kr. styrk, og auk þess hundrað kr. handa hverju barni hennar. Á þetta gat nefndin ekki fallizt, en þótti hitt réttara, að veita þessa heimild til að láta greiða ekkjunni af útgerðarkostnaði »Esjue« svipaða upphæð og hún hefði notið hjá Eimskipafélagi Íslands, ef maður hennar hefði verið starfsmaður þess.

Alþingi, 7. marz 1930.

Ing. Bjarnarson,
formaður.

Bjarni Ásgeirsson,
fundaskr. og frsm. síðari kafla.

Jörundur Brynjólfsson,
frsm. fyrri kafla.

Jón Sigurðsson.

Pétur Ottesen.

Jón Ólafsson.

Haraldur Guðmundsson.